

4

26. jan. Með reglugerð skal ákveða hvernig ráðstafa megi innstæðum á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

5

## BRÁÐABIRGÐALÖG

29. jan.

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

G j ö r i r k u n n u g t : Dómsmálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til þess að gera nokkrar breytingar á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til verndar gegn háttsemi, er reynzt gæti skaðsamleg islenskum hagsmunum. Með því að ráðuneytið telur einnig vera nauðsyn slíkra breytinga, fellst það á setningu bráðabirgðalaga um það efni, sem hér segir:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri ihlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig: Hver, sem opinberlega smáan erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smáan opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

*Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*